



Dagskrá mánaðarins

Grunnskóladeild:

1. - 5. febrúar

2. bekkur með samveru-
stundir

1. febrúar

Foreldravíðtöl byrja

8. - 12. febrúar

1. bekkur með samveru-
stundir

12. febrúar

Árshátíð unglíngastígs kl.
20:30 - 24:00

16. febrúar

Sprengidagshátíð kl. 14 -
15:45

17. - 19 febrúar

Öskudagur og vetrarfrí

22. - 26. febrúar

7. bekkur með samveru-
stundir

24. febrúar

Opið hús UST kl. 15:30 - 17:00

24. febrúar

Stóra upplestrarkeppnin í 7.
bekk á bókasafninu kl. 14:00

25. febrúar

Sameiginleg samverustund
kl. 8:15 / 5. og 9. bekkur

Leikskóladeild:

5. febrúar

Bókadagur

12. febrúar

Mömmukaffi

15.- 18.febrúar

Bolludagur, sprengidagur og
öskudagur

19. febrúar

Skipulagsdagur - lokað

26. febrúar

Málningardagur

Skólaráð

Fulltrúar foreldra

Adda Bára Hreiðarsdóttir

Brynhildur Bjarnadóttir

Fulltr. grenndarsamfélags

Sigmundur Guðmundsson

Fulltrúar starfsfólks

Björk Sigurðardóttir

Deborah Robinson

Hans R. Snorrason

Fulltrúar nemenda

Bjarni Karlsson 10. b.

María H. Daníelsdóttir 9. b.

Skólastjóri

Karl Frímannsson

Skólanefnd

Sigurður I. Friðleifsson

Jóhann Ó. Halldórsson

Guðrún Harðardóttir

Ingibjörg Ösp Stefánsdóttir

Valgerður Jónsdóttir

Góð heilsa er gulli betri

Ofangreint máltæki er alþekkt en fáir leiða hugann að því fyrir en einhver áföll hafa orðið. Hér verður vikið að tveimur þáttum sem eru mikilvægir fyrir heilsu og foreldrar geta haft úrslitaáhrif á. Annars vegar holdafarar og hins vegar tannheilsa.

Nýlega kom fram skýrsla um offitu barna og þar kemur fram að 35% 9 ára barna á Íslandi séu of feit. Þróunin er rakin nokkra áratugi aftur í tímann og þannig sést að í þessari stöðu voru 5% barna hér á landi árið 1958, 10% 1978 og tæplega 25% 1998. Orsakir þessarar þróunar eru taldar vera breytt mataræði og minni hreyfing.

Næsta vika er tannverndarvika og verður þá ýmislegt gert til að vekja athygli á því hvernig stuðla má að góðri tannheilsu. Á vef Lýðheilsu- stofnunar er að finna upplýsingar um glerungseyðingu sem er vaxandi vandamál hjá börnum og unglíngum. Í 10. bekk eru 30% nemenda komnir með glerungseyðingu, mun fleiri strákar en stelpur, og hefur vaxið úr 22% frá árinu 1997. Orsök þessa er fyrst og fremst mikil gosdrykkjaneysla, jafnt sætra og sykurlausra. Sérstaklega er vakin athygli á því að eftir að skruf- tappar komu á flöskurnar er meira um að verið sé að dreypa á gosinu í langan tíma og þá eru tennurnar í stöðugu sýrubaði með þessum afleiðingum.

Ég hvet foreldra til að íhuga þessi mál og grípa til aðgerða ef þörf er á.

Anna Guðmundsdóttir, aðstoðarskólastjóri

Skólasýn



Allir hafa hið góða í sér og möguleikann til að verða betri manneskjur

Gömul mynd

Á stríðsárunum stóð hersjúkrahús á því svæði þar sem Hrafnagilsskóli er nú. Enn má sjá örtiltar leifar af gólfplötum norðvestan við skólann. Auk þess að hér væri sjúkrahús var fjöldi annarra minni bragga þar sem hermenn og starfsfólk sjúkrahússins bjuggu. Eftir að herinn fór var stærsti bragginn um tíma notaður fyrir dansleiki í sveitinni áður en Laugarborg reis. Meðfylgjandi mynd er frá þessum tíma og sýnir hjúkrunarfólk ásamt hermönnum.



Samvinna 1. bekkjar og elstu barna leikskóladeilda

Eftir vetrarfrí fer af stað samkennsla 1. bekkjar og elstu deilda leikskóla. Samkennslan fer fram einu sinni í viku 2 kennslustundir í senn í 8 vikur.

Umsjónarkennari 1. bekkjar, textilkennari og leikskólakennarar elstu deilda sjá um kennsluna.

Börnunum verður skipt í 4 blandaða hópa sem fá kennslu ýmist á grunn- eða leikskólasvæði. Miðað er við að verkefni verði fjölbreytt og stuðli að góðum samskiptum barnanna.



Mynd frá síðastliðnum vetri þar sem einn hópurinn rannsakar hvað flýtur.

NOTUM ÍSLENSKU TIL ALLS

ALLT SKIPTIR
MÁLI, EINKUM
VIÐ SJÁLF.

KJÖRORÐ
LÝÐHEILSUSTÖÐVAR

SÉRVISKA ER
AÐ HAFNA SITT VIT
FYRIR SIG OG
ÞURFA EKKI AÐ
ÞURFA EKKI AÐ
SÆKJA ÞAÐ TIL
ANNARRA.

SVAR GAMALLAR
ÓNEFNDARAR KONU

VETRARFRÍ
GRUNNSKÓLA
VERÐUR
17. - 19.
FEBRÚAR

LOKAÐ VEGNA
SKIPULAGSDAGS
Í LEIKSKÓLA 19.
FEBRÚAR

Foreldraviðtöl í grunnskóladeild

Foreldrar hafa nú fengið úthlutuðum tíma til að hitta og ræða við umsjónarkennara. Í viðtalinu er athyglinni beint annars vegar að námi barnsins, stöðu þess og ástundun og hins vegar að samskiptum, hegðun og líðan. Til að þessi tími nýtist sem best er gott að foreldrar setjist niður með barninu áður en farið er í viðtalið og ræði við það um skólann. Það er gott að spyrja bæði um það sem vel gengur og líka það sem betur má fara. Oft hafa börnin sjálf sínar hugmyndir um hvernig hægt er að lagfæra ef eitthvað er ekki sem skyldi og einnig er oft hægt að finna ýmislegt út í sameiningu. Ætlast er til þess að börnin komi með foreldrum í viðtalið nema annað sé tekið fram.

Undirbúningur árs hátíðar unglíngastígs

Undirbúningur fyrir árs hátíð unglíngastígs er í fullum gangi. Að þessu sinni verður sett upp styttri útgáfa af Klístri (Grease). Allir nemendur unglíngastígs hafa fengið ákveðið hlutverk í undirbúningnum, því verkefnið er margþætt. Má þar nefna spilamennsku, tæknivinnu og leikmyndagerð auk þess að leika, syngja og dansa. Kennarar á stíginu sjá um verkstjórn og það verður spennandi að sjá afraksturinn á árs hátíðinni þann 12. febrúar.

Himingeimurinn

Í 4. bekk eru nemendur að kanna himingeiminn með leiðsögn Daggar kennara. Þeir lesa sér til og kynna sér ýmsar heimildir um reikistjörnur og óravíddir himingimsins. En einnig eru ýmis skapandi verkefni í gangi og eitt þeirra er gerð geimfars. Þar fá hugmyndaflug og sköpunarkraftur að njóta sín og hér fylgja myndir af smíðinni.



Fréttir úr leikskóla- deild

Á þessari önn er unnið með dyggðina virðingu í leikskólanum. Mismunandi er eftir aldri barnanna hvernig unnið er með dyggðina en reynt er að flétta umfjöllun og verkefnum saman við allt skólafarfið.

Haldið var upp á bóndadaginn, fyrsta dag þorra, með pabbakaffi og þá var þöbbum boðið í kaffi og með því. Og í næsta mánuði verður mömmum boðið í mömmukaffi.

Á Björkinni eru ný börn að bætast í hópinn og aðlögun þeirra byrjuð. Í staðinn flytjast eldri börn á milli deilda. Á Furunni er verið að vinna með myndlist í hópastarfi og á Öspinni er að hefjast fjögurra vikna verkefni um umferðina.

